



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 12. september 2018 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson og Kristín B. Leifsdóttir og Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri

Halldór G. Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð

### 1. Staða framkvæmda

Sveitarstjóri gerði grein fyrir hvernig framkvæmdir við gatnagerð og malbikun ganga og fór yfir stöðu framkvæmda við gerð smábátahafnar.

Fram kom að undirbúningur fyrir malbikunarframkvæmdir hefur gengið vel en nokkur kostnaðarauki hafi orðið frá fyrstu áætlunum vegna jarðvegsskipta í Skagavegi og endurnýjunar á fráveitu í götunni. Annað hafi gengið nokkuð samkvæmt áætlun en áætlað sé að bæta við yfirlögn á eina götu og gera nokkrar lagfæringar sem ekki voru í upprunalegri áætlun. Sveitarstjórn ræddi malbikunarframkvæmdir og samþykkti þær breytingar sem voru til umfjöllunar.

Við umfjöllun um stöðu framkvæmda við smábáthöfn kom fram að vinna við grjótvörn hefur gengið vel og dýpkun er hafin en fá þarf dæluskip til að dýpka innsiglinguna í nýja hafnarsvæðið. Einnig kom fram að tilboði Króla ehf í flotbryggjur hefur verið tekið og gert ráð fyrir að þær verði komnar 1. nóvember en þá eru jafnframt verklok Norðurtaks ehf við verkhlutann, grjótvörn og dýpkun.

Málið var til kynningar.

### 2. Viðauki við fjárhagsáætlun 2018

Fyrir fundinum lá tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2018. Viðaukum sem lágu fyrir fundinum var stillt upp í form í samræmi við reglugerð nr. 1212 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Tillaga um viðauka var vegna eftirfarandi mála:

<i>Viðaukar vegna rekstrar:</i>				
<i>Bókhaldsl:</i>	<i>Deild</i>	<i>Skýring</i>	<i>Upphæð þús.</i>	<i>Áður til umfj.</i>
0411-4392	Fræðslumál	Hjallastefna /nýr samningur	6.000	15.03.2018
0651-1000	Æskulýðs og íþr.mál	Íþróttahús – launakostnaður	1.000	
0655-1000	Æskulýðs og íþr.mál	Sundlaug - launakostnaður	2.500	
0925-4321	Skipulags og byggingam	Aðalskipulag	2.000	27.06.2018
1141-4970	Umhverfismál	Sláttur á opnum svæðum	1.500	18.05.2018
2140-1000	Skrifstofa	Launakostnaður	4.000	
		<i>Samtals viðauki vegna rekstrar:</i>	<i>17.000</i>	



Viðaukar vegna fjárfestinga:				
Bókhaldsl:	Deild	Skýring	Upphæð þús.	Áður til umfj.
29	Hlutabréf	Hlutfé í Ámundakinn	5.000	15.03.2018
31510	Íþróttahús	Tæki í þreksal	1.000	
31503	Opin svæði	Hjólahreystibraut	2.000	14.06.2018
5700	Félagslegar íbúðir	Dregið úr framkvæmdum	-4.000	
7173	Fellsborg	Dregið úr framkvæmdum	-4.000	
	Samtals viðauki vegna fjárfestinga		0	

Sveitarstjórn samþykkti viðaukana og að þeim verði mætt með lækkun á handbæru fé.

### 3. Ráðning sveitarstjóra

Oddviti gerði grein fyrir stöðu ráðningar á sveitarstjóra. Eftirviðtöl sem tekin voru fimmtudaginn 6. september sl við 5 umsækjendur var það niðurstaða sveitarstjórnar á óformlegum fundi að fela oddvita að ræða við Alexöndru Jóhannesdóttur um ráðningur í starf sveitarstjóra. Eftir það ferli sé það tillaga oddvita að gerður verði ráðningasamningur við Alexöndru. Sveitarstjórn samþykkti tillöguna og fól oddvita að undirrita ráðningasamning sem lá fyrir fundinum. Fram kom að óljóst er hvenær nýr sveitarstjóri geti hafið störf. Oddviti kynnti samning við Magnús B. Jónsson um tímabundna framlengingu á starfi og starfslok þar sem gert er ráð fyrir að hann starfi þar til nýr sveitarstjóri taki til starfa. Samningurinn var samþykktur samhljóða.

### 4. Ársreikningur Hólaness ehf

Fyrir fundinum lá ársreikningu Hólaness ehf. þar kemur fram að hagnaður rekstrarársins 2017 nam 142 þús. og heildareignir og eigið fé voru í árslok 24,1 milljón. Ársreikningurinn var til kynningar.

### 5. Sameining sveitarfélaga

Fyrir fundinum lá bréf Þorleifs Ingvarssonar formanns sameiningarnefndar dags. 01.08.2018. Með bréfinu er bent á að taka þurfi afstöðu til hvort sameiningaferli verði haldið áfram og stefnt að íbúakosningu og að skipa þurfi í sameiningarnefnd. Sveitarstjórn ræddi erindi bréfsins og samþykkti fyrir sitt leyti að skipuð verði sameiningarnefnd að nýju og stefnt að kosningu um sameiningu sveitarfélaga í A-Hún. Samþykkt að skipa Halldór G. Ólafsson og Kristínu B. Leifsdóttur í nefndina en jafnframt muni sveitarstjóri starfa með nefndinni. Meðfylgjandi erindi Þorleifs var bréf Húnavatnshrepps dags. 24. ágúst 2018 þar sem gerð er grein fyrir afgreiðslu sveitarstjórnar og að áframhald sameiningarferlis hafi verið samþykkt.



## 6. Tilnefning í starfshóp SSNV

Fyrir fundinum lá tölvubréf framkvæmdstjóra SSNV þar sem óskað er eftir tilnefningu í starfshóp um framtíðarskipulag samtakanna. Samþykkt að Halldór G. Ólafsson verði fulltrúi sveitarfélagsins í starfshópnum.

## 7. Bréf

- a) Þjóðskrár Íslands, dags. 27. ágúst 2018

Efni bréfsins er tilkynning um fasteignamat 2019 þar sem kemur m.a. fram að fasteignamat á landsvísu hækkar um 12,8%. Í lista yfir breytingar í einstökum sveitarfélögum kemur fram að fasteignamat hækki á Skagaströnd um 10,3% og landmat um 8,8%.

Bréfið var til kynningar.

- b) Náttúruhamfaratrygginga, dags. 21. ágúst 2018

Með bréfinu er kynnt breyting á lögum um Viðlagatryggingu Íslands sem tók gildi 1. júlí sl. þar sem heiti laganna var breytt og jafnframt stofnunarinnar í Náttúruhamfaratryggingu Íslands.

Bréfið var til kynningar.

- c) Hestamannafélagsins Snarfara, dags. 21. ágúst 2018

Með bréfinu óskar hestamannafélagið eftir viðræðum við sveitarstjórn um byggingu reiðskemmu á félagssvæði hestamannafélagsins.

Samþykkt að fela oddvita og sveitarstjóra að ræða við stjórn félagsins.

## 2. Fundargerðir

- a) Hafnar og skipulagsnefndar, 29.08.2018

Fundargerð hafnar og skipulagsnefndar lögð fram til afgreiðslu:

### Liður 1,b: Einbúastígur 8-10

*Fyrir fundinum lá umsókn frá Lauru ehf um lóðirnar Einbúastíg 8 og 10 til að byggja þar smáhýsi í samræmi við upplýsingar sem fylgdu umsókninni.*

*Málið var áður til umfjöllunar nefndarinnar 21. febrúar og var þá afgreitt til skipulagsferlis.*

*Fram kom að ekki hafi verið send tillaga að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi vegna þessa reits en fyrir þessum fundi liggi tillaga að endurskoðun Aðalskipulagsins þar sem notkun lóða við Einbúastíg verði m.a. tekin til endurskoðunar.*



Nefndarmenn ræddu umsóknina og samþykktu að úthluta Einbúastíg 8 til umsækjanda en lóðin Einbúastígur 10 verði tekin til umfjölluna við endurskoðun á Aðalskipulagi.

**Bókun sveitarstjórnar:**

Afgreiðsla hafnar og skipulagsnefndar staðfest af sveitarstjórn með fimm samhljóða atkvæðum.

**Liður 3.a. Önnur mál**

*Steindór lagði fram svohljóðandi tillögu:*

*Hafnar- og skipulagsnefnd samþykkir að beina því til sveitarstjórnar að hún hlutist til um að komið verði upp hreinlætisaðsöðu með klósettum og sturtum á hafnarsvæðinu. Stefnt verði að því að framkvæma þetta verkefni á fyrstu mánuðum ársins 2019.*

*Greinargerð:*

*Svona hreinlætisaðstaða myndi bæta mjög verulega alla aðstöðu sjómanna sem nýta höfnina og einkum þeirra sem eru á smábátum eða millistærðum báta. Þar er enga eða afar bágborna aðstöðu að finna. Þessi framkvæmd er líka hugsuð sem snyrting fyrir ferðamenn og aðra sem eiga leið um höfnina. Nákvæmlega svona aðstaða er t.d. í boði á Djúpavogi og fleiri útgerðarstöðum og þykir vera til fyrirmyndar.*

*Það er skoðun Hafnar- og skipulagsnefndar að þessi framkvæmd styrki og efli samkeppnisaðstöðu Skagastrandarhafnar auk þess að vera gott innlegg til framfaramála á Skagaströnd.*

*Tillagan var rædd og samþykkt með tveimur atkvæðum.*

**Bókun sveitarstjórnar:**

Afgreiðslu hafnar og skipulagsnefndar vísað til gerðar fjárhagsáætlunar 2019. Samþykkt með fimm samhljóða atkvæðum.

Fundargerð hafnar og skipulagsnefndar var að öðru leyti til kynningar.

b) Atvinnumálanefndar, 21.08.2018

Fundargerð atvinnumálanefndar lögð fram til afgreiðslu:

**Liður 2: Erindi Jóns Hauks Daníelssonar og Ernu L. Kjartansdóttur**

*Fyrir fundinum lá erindi Jóns H. Daníelssonar og Ernu L. Kjartansdóttur sem sækja um styrk til að framkvæma hugmynd um verkefni til að styrkja ferðaþjónustu á Skagaströnd.*

*Erindið var til umfjöllunar sveitarstjórnar 15. mars sl. og var síðan vísað til*

*atvinnumálanefndar (á fundi sveitarstjórnar 27. júní 2018). Með erindinu er farið fram á styrk til að koma upp heimasíðu fyrir ferðaþjónustu á Skagaströnd. Í bréfinu kemur fram í hverju hugmyndir eru fólgnar og gerð kostnaðaráætlun fyrir verkefnið.*

*Nefndarmenn ræddu erindið og hagsmuni sem kunna að vera fólgnir í að koma upp sameiginlegri heimasíðu fyrir ferðaþjónustuaðila á Skagaströnd. Niðurstaða umræðunnar var að það væri áhugaverð tilraun og samþykkt að leggja til við sveitarstjórn að verkefnið*



verði styrkt um 250 þús. til að gera frumgerð að ferðaþjónustusíðu og áætlun um rekstur hennar. Greiðslan verði innt af hendi þegar frumgerð liggur fyrir en lagt mat á hvort þörf sé frekari styrkveitinga frá sveitarfélaginu þegar ferðaþjónustuaðilar hafa tekið ákvarðanir um þáttöku og sameiginlegt rekstrarform á heimasíðunni.

### **Bókun sveitarstjórnar**

Afgreiðsla atvinnumálanefndar staðfest af sveitarstjórn með fimm samhljóða atkvæðum.

- c) Stjórnar Félags og skólaþjónustu A-Hún, 25.06.2018

Fundargerðin var til kynningar

- d) Stjórnar SSNV, 4.08.2018

Fundargerðin var til kynningar

- e) Aukaárþings SSNV, 22.08.2018

Fundargerðin var til kynningar

- f) Stjórnar Hafnasambands Íslands, 27.08.2018

Fundargerðin var til kynningar

- g) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 29.06.2018

Fundargerðin var til kynningar

- h) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 31.08.2018

Fundargerðin var til kynningar

### **5. Önnur mál**

a) Sveitarstjóri lagði fram bréf Guðmundar Egils Erlendssonar dags. 9. september 2018 þar sem óskar eftir að sveitarfélagið greiði sveitarfélagshluta kostnaðar við tónlistarnám Snæfríðar D. Guðmundsdóttur sem stundar hljóðfæranám á miðstigi við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

Guðmundur Egill lýsti vanhæfi sínu til að fjalla um erindið og vék af fundi.

Erindið var samþykkt með fjórum samhljóða atkvæðum.

b) Sveitarstjóri og oddviti lögðu fram svohljóðandi bókun sem var samþykkt samhljóða:

Sveitarstjórn Skagastrandar skorar á sjávarútvegsráðherra að hraða endurskoðun á lögum nr 79/2005 um uppboðsmarkaði sjávarafla og reglugerð um sama efni nr. 646/2007.

Sveitarstjórn telur mjög mikilvægt að við þá endurskoðun verði gætt að eftirfarandi þáttum:

- Hvernig eftirliti með meðhöndlun sjávarafla á fiskmörkuðum skuli vera háttað.
- Að hlutverk og umboð eftirlitsaðila til eftirfylgni verði skýrt og afmarkað.



- Að tryggja sem best gagnsæi viðskipta og hvernig eðlileg verðmyndun verði sem best tryggð.
- Að skýrt verði í reglugerð hvaða kröfur eru gerðar bæði á höfnum og starfsaðstöðu fiskmarkaða.

Greinargerð:

Sveitarstjórn hefur fengið óskir um að sveitarfélagið sem ábyrgðaraðili hafnar hlutist til um hvernig aðstaða samkeppnisaðila sé á höfninni. Við yfirferð á því máli hefur komið í ljós að leyfisveitingar og eftirlit er nokkuð óljóst og reglur virðast ekki vera vel skýrar um hvernig skuli með farið. Sem rekstraraðili Skagastrandarhafnar telur sveitarstjórn miður að það sé óvissa um heimildir og reglur um jafn mikilvægan þátt og sölu og viðskipti með fisk sem er ein helsta auðlind þjóðarinnar. Sveitarstjórn telur því mjög mikilvægt að endurskoðun regluverksins verði hraðað en minnir jafnframt á að byggðasjónarmiða verði gætt við þá endurskoðun.

- c) Opnunartímar íþróttahúss og sundlaugar voru teknir til umræðu. Fram kom að sveitarstjórn hefur áhuga á að auka opnunartíma og fól sveitarstjóra að stilla upp tillögu sem verði tekin til umfjöllunar á vinnufundi með starfsmönnum íþróttahúss/sundlaugar og sveitarstjórn.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 10.30

Halldór G. Ólafsson,

Péturína L. Jakobsdóttir

Róbert Kristjánsson

Guðmundur E. Erlendsson

Kristín B. Leifsdóttir

Magnús B. Jónsson